

Stjórnugrís hf  
Saltvík 1  
162 Reykjavík

Reykjavík, 12.12.2024  
UST202402-096/K.K.  
08.12.02

## Efni: Reglubundið eftirlit þann 13. Nóvember 2024 – Stjórnugrís að Brautarholti

Þann 13. Nóvember 2024 fór fram reglubundið eftirlit í Stjórnugrís að Brautarholti. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

### Tvö frávík eru opin frá fyrri eftirlitum:

1. Engir útreikningar eða greining samkvæmt BAT hefur verið framkvæmd á heildarmagni köfnunarefnis og fosfórs sem losað er sem úrgangsefni né losun ammóníaks í andrúmsloft. Fráviki ekki lokið.
2. Meira en 5 ár eru liðin frá síðustu rannsókn á efnainnihaldi ómeðhöndlaðs úrgangs/mykju (blauthluta) fyrir skiljun og meðhöndlaðs úrgangs/mykju eftir skiljun (þurrhluta). Útreikningum hefur verið skilað. **Fráviki lokað.**

### Tvær ábendingar voru settar fram í eftirlitinu er varða:

1. Rekstraraðila er bent á að samningar sem gerðir hafa verið um dreifingu áburðar frá búinu eru runnir út og gera þarf nýja samninga.
2. Bent var á að upplýsingar um gildistíma starfsleyfisins vantar í græna bókhaldið.

### Þrjú frávík komu fram er varða:

1. Gr. 38. liður b. í lögum 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og BAT 12 í framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/302 um bestu, fánlegu tækni (BAT), vegna þéttbærs eldis. Besta fánlega tækni til að koma í veg fyrir, eða draga úr losun lyktar er lyktarstjórnunarátætlun. Rekstraraðili hefur ekki gert slíka átætlun.
2. Gr. 11 í reglugerð nr. 851/2002 um grænt bókhald. Grænt bókhald fyrir árið 2023 barst eftir 1. maí 2024. **Fráviki lokað.**
3. Gr. 2 í reglugerð 990/2008 um útstreymisbókhald. Útstreymisbókhald fyrir árið 2023 barst eftir 1. maí 2024. **Fráviki lokað.**

**Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 13. Janúar 2025.**

Virðingarfyllst

Kristín Kröyer  
sérfræðingur

Frigg Thorlacius  
lögfræðingur